

Landnám á Snæfellsnesi

eftir Ólaf Lárusson

Í Landnámu er frá því sagt, að þegar Flóki Vilgerðarson fór könnunarferð sína hingað til lands, hafi verið á skipi með honum suðureyskur maður, Faxi að nafni. Þegar þeir sigldu vestur um Reykjanes og upp lauk firðinum, svo að þeir sáu Snæfellsnes, varð Faxa þessum að orði: „Þetta mun vera mikit land, er vér höfum fundit, hér eru vatnsföll stór.“ Líklegt er, að félagar hans hafi hent gaman að þessari glámskyggni hans og Faxi sjálfur haft raun af henni, er hann varð þess vísari, hversu hraparlega sér hafði missýnt, en þessi missýning hans hefir varðveitt nafn hans í þúsund ár og mun varðveita að langt fram í aldir í nafni flóans mikla, sem honum sýndist vera áros. Þessi sögn er varla tilhæfulaus, og því frekar freistumst vér til að trúna henni, sem vitað er, að það á sér stað enn í dag, að útlendingar, sem koma hingað í fyrsta skipti og óvanir eru hinu víða skyggni, sem hér er, dæma álíka skakkt um fjarlægðir og Faxi gerðir, og mætti nefna þess ýmis dæmi. En því get eg þessarar frásagnar hér, að Snæfellsnes kemur fyrst við sögur í henni. Vér vitum eigi, hverjir litu það fyrstir augum, en líklegt er, að þeir menn hafi séð það af svipuðum slóðum og þeir Flóki, horft þangað norður af skipsfjöl út af Reykjaneskaga.

Í hinum fornu heimildum er nesið ýmist nefnt Snæfellsnes eða Snjófellsnes, og einstöku sinnum líka Snjófjallsnes. Nafnið Snæfellsnes hefir fyrir löngu útrýmt báðum hinum nöfnunum. Enn er það svo, og mun lengst af verða, að augu þeirra, er til nessins horfa, staldra við Jökulinn, og nafnið sýnir, að svo hefir einnig farið fyrir þeim mönnum, sem gáfu því nafn fyrstir. Augu þeirra hafa staldrað við hið snævi þakta fjall, er þeir sáu bera við loft, yst á nesinu. Þeim hefir orðið starsýnt á snæhattuna, er það bar á höfði sér, og því nefndu þeir það Snæfell eða Snjófell. Þeir sáu, að fjallið bar ægishjálmi yfir öllu nesinu, og þess vegna gáfu þeir nesinu nafn eftir því, og enn í dag finnum vér, að þeir gátu ekki valið því annað nafn, sem betra var og réttara. Síðari tíminn hefir fyrir löngu lengt nafn fjallsins og nefnt það Snæfellsjökul, og ekki hirt um, þótt nokkur tvítekning yrði í nafninu, og eigi sett það fyrir sig, að nafnið varð eigi eins fagurt í þeirri mynd sinni og hið forna nafn, Snæfell. Má vera að sú sé ástæðan til nafnaukans, að mönnum hafi þótt það of óvirdulegt heiti á konungi vesturfjallanna að kalla hann fell.

Landfræðilega séð er Snæfellsnes afmörkuð heild. Fjallgarðurinn, sem gengur fram eftir endilöngu nesinu, skilur að vísu að byggðirnar sunnan og norðan á því. En yfir hann liggja margir fjallvegir milli þeirra, allir fremur stuttir, og má því ætla, að jafnan hafi verið mikill samgangur milli byggðanna beggja megin fjallsins. Líklegt er, að íbúar þeirra hafi frá öndverðu talið sig vera samhéraðsmenn. Skiptingu landsins í umdæmi vegna allsherjarstjórnarinnar var hagað með allt öðrum hætti í fornöld en nú gerist. Nú á tímum tekur t.d. hvert alþingiskjördæmi og hvert sýslufélag yfir ákveðið landsvæði. Á lýðveldistímanum voru hvorki goðorðin né þingin staðbundin með þeim hætti. Skiptingin í þing og goðorð var skipting á landsfólkinu, en ekki á landinu sjálfu. Vorþing hvert háðu þrjú goðar saman ásamt þingmönnum sínum, og í fyrstu var mönnum frjálst að vera á þingi með hvaða goða, sem þeim sýndist. Goði í Þórsnesþingi gat þá átt þingmenn norður í Þingeyjarsýslu eða suður í Árnessýslu. Síðar var þessu breytt á þá leið, að goðar máttu að jafnaði ekki eiga þingmenn, sem búsettir voru utan fjórðungs þess, er goðarnir sjálfir bjuggu í. Á þeim tímum voru því

heiti eins og Þórsnesþing, Kjalarnesþing eða Árnesþing aðeins nöfn á þingunum sjálfum, samkomunum, sem haldnar voru á þessum stöðum, en ekki nöfn á neinum ákveðnum landssvæðum. Í reyndinni munu flestir hafa verið í þingi með nágrannagoða sínum og sótt það þing, sem haldið var í héraðinu, sem þeir bjuggu í og í lok lýðveldistímabilsins, er goðorðin tóku að safnast á fárra manna hendur, virðist svo hafa farið, að ákveðin umdæmi hafi lagzt til hvers þings. Orðið þing tók þá að merkja slík umdæmi. Í lögbók þeirri, sem nefnd er Járnsíða og lögtekin var á árunum 1271–1273, er orðið þing haft í þessari merkingu, og þar finnum vér fyrst nafnið Þórsnesþing sem heiti á tilteknu umdæmi.

Þessi skipting landsins í vorþingsumdæmi varð grundvöllur sýsluskiptingarinnar, sem enn sér merki, því sumar sýslur landsins eru enn í dag kenndar við hina fornu vorþingsstaði, svo sem Árnessýsla, Skaftafellssýsla og Þingeyjarsýsla. Þórsnesþing mun hafa náð yfir landið frá Hítará og vestur í Gilsfjarðarbotn, en það umdæmi skiptist seinna í fleiri sýslur.

Dalirnir skiptust fyrst frá og urðu sérstök sýsla. Hvenær það hefir orðið, vitum vér eigi gerla, en um miðja 15. öld er sú skipting um garð gengin. Hin sýslan, sjálft Snæfellsnesið, hélt nafninu Þórsnesþing eftir skiptinguna, en um miðja 16. öld er þó farið að nefna hana Snæfellsnessýslu.

Snemma á 17. öld voru þrjár syðstu þingsóknirnar í Snæfellsnessýslu gerðar að sérstakri sýslu og seinna á sömu öld var sýslunni stundum skipt í enn fleiri parta. Þrátt fyrir þessa skiptingu voru sýslupartarnir í heild sinni fyrst í stað nefndir einu nafni Snæfellsnessýsla eða Þórsnesþing, en seinna var farið að kalla syðsta hlutann Hnappadalssýslu. Var Hnappadalssýsla sérstök sýsla þar til seint á 18. öld, er hún var sameinuð Mýrasýslu. Tæpum 100 árum seinna var hún svo sameinuð Snæfellsnessýslu á ný, og hefir sýslan síðan verið nefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýsla. Er það minningin um hið fyrra sjálfstæði Hnappadalssýslu, sem ræður þessu tvínefni sýslunnar, en annars má segja, að langmestur hluti Hnappadalssýslu sé á Snæfellsnesi og heyri því til landfræðilega.

9.-11. Hrólfur hinn digri Eyvindarson, Atli Válasón og Ásmundur Atlason. Hauksbók og Sturlubók telja landnám þeirra feðga Atla og Ásmundar hafa náð „frá Furu til Lýsu.“ Af Þórðarbók má hins vegar sjá, að í Melabók hafa þeir verið taldir hafa numið land „fyrir utan Lýsu“ og mun mega skilja það svo, að Lýsa hafi verið hið innra mark landnáms þeirra, en hitt verður ekki séð, hvort bókin hefir kveðið á um það, hve langt út eftir landnám þeirra hefir náð. Aftur á móti segja Hauksbók og Sturlubók, að Hrólfur hafi numið land „frá Lýsu til Hraunhafnarár“, en í Melabók hefir honum verið eignað landnámið frá Furu til Lýsu. Lýsa, áin sem öllum heimildunum ber saman um að hafi skilið landnám þessi, kemur ofan úr Lýsuskarði milli Lýsuhyrnu og Arnarhyrnu. Heitir hún nú á tímum Vatnsholtsá neðan til og fellur til sjávar skammt fyrir innan bæinn Vatnsholt. Við hana eru kenndir bæirnir Lýsuhóll og Lýsudalur. Nafnið merkir hin bjarta, ljósa á, sbr. Ljósá, Ljósifoss, Ljósavatn. Úr því verður sjálfsgagt aldrei skorið, hvor þessara frásagna sé réttari, en hér skal vikið að því, er heimildirnar segja að öðru leyti um þessa landnámsmenn, og athugað, hvaða líkur af því megi draga.

Hauksbók og Sturlubók segja, að Ásmundur hafi búið í eða á Langaholti „at Þórutóftum.“ Þórðarbók lætur þá báða feðgana hafa byggt í Langaholti „þar sem nú

heita Þórutóftir.“ Af þessu má marka það, að bær Ásmundar hafi staðið í Langaholti, og að hann hafi verið kominn í eyði, er Landnáma var rituð, og bæjarstæðið kallað Þórutóftir eftir konu Ásmundar. Hins vegar segja heimildirnar ekkert um það, hvar Hrólfur bjó.

Örnefnið Þórutóftir er nú týnt, og er um þessar slóðir ekki nema um eitt örnefni að ræða, sem líkist því svo, að hugsanlegt væri, að það væri sama nafnið með lítilsháttar breytingu. Fyrir vestan hinn forna vallargarð í Vatnsholti, en sunnan í hryggnum, sem bærinn stendur á, er allstór forn girðing, sem nefnd er Þórugerði. Fornar tóftir eru í gerðinu, en upp úr þeim og ofan á þær hafa verið byggðar fjárréttir, svo að ekki er hægt að gera sér grein fyrir, hvernig þessar fornu tóftir hafa verið. Alfaravegur hefir legið þarna um.

Vatnsholt er fyrir utan Lýsu, og sé Þórugerði sama og Þórutóftir, þá styður það sögn Melabókar um takmörk landnámana. Annars er vafasamt, hve mikið á þessu verður byggt, m.a. vegna þess, að allt er í óvissu um það, hversu gamalt nafnið Þórugerði er. Í því sambandi má benda á það, að í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er mjög oft getið um fornar byggðarminjar í landi jarðanna og nöfn þeirra. Í jarðabókinni er getið um tvær eyðihjáleigur í landi Vatnsholts, Stekkhól og Fornakot, en Þórugerði ekki nefnt. Það gæti verið vottur þess, að nafnið hefði ekki orðið til fyrr en eftir að jarðabókin var gerð.

Langaholt, þar sem bær þessi á að hafa staðið, er efalaust hinn langi melhryggur, gamall malarkambur, sem gengur út eftir Snæfellsnesi sunnanverðu, innan úr Miklaholtshrepp og langt út eftir Staðarsveit, og heitið hefir öðru nafni Ölduhryggur. Vatnsholt er á hrygg þessum og Þórugerði gæti þess vegna verið sama og Þórutóftir. Fræðimenn, sem um þetta hafa ritað, hafa gengið út frá því, að þeir fedgar hafi numið land fyrir innan Lýsu, og miðað við það getgátur sínar um það, hvar bærinn hafi staðið. Árni Thorlacius gizkaði á, að bærinn hefði staðið nærri Langavatni, máske þar sem nú er Staðarstaður eða Syðri-Tunga. Brynjólfur Jónsson frá Minna-Núpi taldi það vera „efalaust“, að jörðin, sem þau Ásmundur og Þóra bjuggu á, hafi verið sama jörðin og Staðarstaður, og að Þórutóftir hefðu verið einhvers staðar nærri Staðarstað. Hvorugur færði nein rök fyrir þessu og þetta munu aðeins vera lausar getgátur. Sonur Hrólfs digra er nefndur Helgi í Hofgörðum, og er það sami maðurinn og sá, sem Eyrbyggja nefnir Helga Hofgarðagoða. Í Melabók hefir staðið, að hann hafi búið á Hofstöðum, en hitt mun réttara, enda eru afkomendur hans kenndir við Hofgarða (Hofgarða-Refur). Hofgarðar eru milli Furu og Lýsu, og það, að sonur Hrólfs bjó á því svæði, getur styrkt þá sögn, að Hrólfur hafi numið það land. Annars segir ekkert um bústað Hrólfs. En landnámið milli Furu og Lýsu tekur yfir allt miðbik Staðarsveitarinnar, um 20 jarða lönd. Í því er m.a. hið stærsta höfuðból í þessum sveitum, Staður á Ölduhrygg.

Um Ásmund Atlason segir, að hann hafi skilið við Þóru, konu sína, er hann eldist, og farið að búa í Öxl. Þar hafi hann dáið og verið heygður og lagður í skip. Ekki er nema einn bær með þessu nafni til í þessum sveitum, Öxl í Breiðavík, enda hafa munnmæli síðari tíma tengt Ásmund við þann bæ og eru þar örnefnin Ásmundarhóll og Ásmundarleiði, sem við hann eiga að vera kennd. Ef Ásmundur hefir flutt sig þangað, en áður numið land aðeins út að Lýsu, hefir hann flutzt langt út fyrir landnám sitt, og það er í sjálfu sér ósennilegt. Hefði hann hins vegar, eins og Melabók segir, numið

land „fyrir utan Lýsu“ og þá e.t.v. út fyrir Öxl, hefði hinn nýi bústaður hans verið innan landnáms hans og væri það sennilegra.

Öll þessi atriði, er nú voru talin, virðast styrkja það, að Hrólfur hafi numið innra landnámið, en þeir feðgar, Atli og Ásmundur, hið ytra, m.ö.o. að frásögn Melabókar sé réttari. En ekki eru líkur þessar þó svo sterkar, að þetta verði fullyrt. Melabók segir ekkert um hin ytri takmörk ytra landnámsins. Hún segir aðeins, að það hafi verið fyrir utan Lýsu. Hauksbók og Sturlubók segja hins vegar báðar, að það hafi náð út að Hraunhafnará. Hraunhafnará kemur úr Hraunhafnardal bak við Axlarhyrnu og fellur í Búðaósa. Er þetta þá frekar lítið landnám og er Öxl utan þess, ef þessi hafa verið takmörkin að vestan.

Hauksbók segir, að Ásmundur hafi skilið við Þóru „fyrir mankvæmd“. Mannkvæmd getur ekki þýtt annað en gestagang. Gestrisni Þóru ætti því að hafa orðið þeim hjónum svo mikið misklíðarefni, að leitt hafi til skilnaðar þeirra. Um Þóru er sagt í Þórðarbók, að hún hafi verið „hvers manns gagn“ og öllum gerðum Landnámu ber saman um það, að hún hafi látið gera skála um þjóðbraut þvera og látið jafnan standa þar borð með mat og boðið þangað hverjum, er þiggja vildi. Um aðra konu á Snæfellsnesi á landnámsöld er hið sama sagt, Geirríði í Borgardal og enn er samskonar sögn um einn af landnámsmönnum í Skagafirði, Þorbrand örrek, en bæði bjuggu þau í þjóðbraut eins og Þóra. Sögnin um Þóru er því ekki einsdæmi, og má vera, að í þessum sögnum öllum hafi varðveitt minning um frábæra gestrisni þessa fólks, þótt sögnin að lokum hafi fengið á sig þjóðsagnablæ. Gestrisni hefir lengi verið mikils metin dyggð. „Af slíku þótti hún it mesta göfugkvendi,“ segir Eyrbyggja um Geirríði í Borgardal.